

Mál nr. 373/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: S

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 30. ágúst 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 30. nóvember 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að ganga á gangstétt 26. júlí 2021, lent á skemmd með þeim afleiðingum að hún féll fram fyrir sig, lenti illa og axlarbrotnaði. M leggur fram myndir af gangstéttinni sem sýna skemmdir og telur að orsakir slyssins verði raktar til saknæmrar vanrækslu sveitarfélagsins á því að halda gangstéttinni ekki í forsvaranlegu horfi eða merkja misfelluna til að vekja athygli gangandi vegfaranda á henni.

V hafnaði bótaskyldu á þeim grundvelli að sveitarfélaginu hafi ekki verið kunnugt um að gangstéttin hafi verið í ólagi á þeim tíma þegar slysið varð. Því væri ósannað að starfsmenn sveitarfélagsins hefðu sýnt af sér vanrækslu eða aðra saknæma háttsemi er leitt gæti til bótaskyldu. Þá byggir V einnig á því að M hafi átt að sjá misfelluna í gangstéttinni þar sem slysið átti sér stað um hábjartan dag. V telur því að slysið verði rakið til óhappatilviks.

Álit.

Það liggur í máli þessu að misfella var á gangstétt þeirri sem M datt um þegar hún slasaðist. Það liggur einnig fyrir að gangstéttinn hafði verið þannig um langa hríð. Það er hins vegar ekki sannað að sveitarfélagið hafi haft vitneskju um misfelluna og því ósannað að starfsmenn þess hafi sýnt af sér vanrækslu eða saknæma háttsemi. Slysið gerðist að sumarlagi þegar bjart var úti og verður að telja að M hafi átt að sjá misfelluna sem var vel sýnileg á myndum sem liggja fyrir í málinu. Slys M verður því rakið til óhappatilviks og V er ekki bótaskyld.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík, 10. janúar 2023.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir